



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 8. september 2017

USK2017090005

Borgarráð

Gufunes - Framtíðaruppbygging.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna framtíðaruppbyggingar í Gufunesi. Um er að ræða 1. áfanga framkvæmda sem einkum felast í endurbótum á lagnakerfum o.fl. vegna væntanlegrar uppbyggingar auk undirbúnings að gatna- og stígagerð innan svæðisins. Kostnaðaráætlun 2 vegna 1. áfanga er 100 mkr. sem rúmast innan uppfærðrar fjárfestingaráætlunar.

Greinargerð:

Á svæði fyrrum Áburðaverksmiðjunnar í Gufunesi er nú gert ráð fyrir blandaðri byggð samkvæmt niðurstöðu úr skipulagssamkeppni fyrir svæðið. Þar verður m.a. starfsemi kvikmyndavers RVK Studio í gömlu byggingum Áburðaverksmiðjunnar og auk þess ýmis önnur starfsemi tengd kvikmyndagerð. 1. áfangi framkvæmda felst m.a. í endurbótum á lagnakerfum innan svæðisins og tengingum þeirra við lagnakerfi Veitna. Þá verður unnið áfram að skipulagsvinnu og undirbúningi að frekari gatna- og stígagerð innan svæðisins.

Kostnaðaráætlun 2 vegna 1. áfanga : 100 mkr.

Kostnaðarstaður: 3104

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
Kynning

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



GUFUNES – FRAMTÍÐARUPPBYGGING 1.ÁFANGI



Framtíðaruppbygging

1. ÁFANGI

- Fyrirhuguð er uppbygging á svæði gömlu Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi.
- Verið er að vinna að deiliskipulagi svæðisins og áformað að þeirri vinnu ljúki í mars á næsta ári.



GUFUNES

Framtíðaruppbygging

1. ÁFANGI



- Athafnasvæði og byggingar gömlu Áburðarverk-smiðjunnar á svæðinu hafa verið nýttar undir starfsemi Íslenska Gámafélagsins.
- Breyting verður á nýtingu svæðisins og verður þar blönduð byggð m.a. ýmis konar starfssemi tengd kvikmyndaiðnaði.



GUFUNES

Framtíðaruppbygging

1. ÁFANGI



- Framkvæmdir í 1. áfanga felast einkum í undirbúningi fyrir gatna- og stígagerð á svæðinu auk endurbóta á lagnakerfi þ.m.t. fráveitu.
- Meðal annars verður lagt ræsi meðfram ströndinni frá útrás við gamla hafnargarðinn í Gufunesi að dælustöð Veitna við móttökustöð Sorpu.
- Ræsið liggur í útjaðri svæðisins og hefur ekki áhrif á skipulag eða sveigjanleika svæðis.

GUFUNES

Framtíðaruppbygging


1. ÁFANGI



- Áætlað er framkvæmdir hefjist í október 2017
- Áætlaður kostnaður við 1. áfanga er 100 milljónir



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



TAKK FYRIR

